

**Nd. 501. Frumvarp til laga [139. mál]**

um breyting á lögum nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almanna-  
tryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt vísitölu“ í 5. tölulið 21. gr. laganna komi:  
Samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

2. gr.

Síðasta málsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. lag-  
anna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísi-  
tölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjó-  
manna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísi-  
tölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

3. gr.

Á eftir 35. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum,  
skal vera í gildi til ársloka 1952.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952, og skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál  
laga nr. 51/1951 og gefa síðan þau lög út svo breytt.